

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/908

2025/EES/10/29

frá 17. janúar 2024

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti fastra sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er komið á fót tíu sérfræðinganefndum sem bera ábyrgð á því að leggja fram vísindalegar álitargerðir Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), hver innan síns verksviðs. Á meðan þessara nefnda er sérfræðinganefnd um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu.
- 2) Sérfræðinganefndin um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu stendur frammi fyrir erfiðleikum við að hafa stjórn á vinnuálagi sínu, einnig að því er varðar þá sérfræðikunnáttu sem þarf, vegna þess að samfelld þróun á sviði tækni og vísinda hefur aukið flækjustig áhættumatsferlisins ásamt því að þörf er á að samþykkja mörg vísindaleg álit ár hvert.
- 3) Til samræmis við það lagði Matvælaöryggisstofnunin beiðni fyrir framkvæmdastjórnina 1. ágúst 2023 um að skipta upp sérfræðinganefndinni um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu svo úr verði tvær nýjar nefndir. Markmiðið með þessari skiptingu er að takast á við beiðnir um veitingu vísindalegra álita á sviði ensíma í matvælum sem bíða afgreiðslu í ljósi aukna vinnuálagsins sem og vísindalegs og tæknilegs flækjustigs áhættumatsferlisins, m.a. í þeim tilgangi að styðja við vinnu framkvæmdastjórnarinnar við að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyfð ensím í matvælum, meðan vinnu við málefni sem varða snertiefni matvæla er haldið áfram.
- 4) Búið er við að stofnun þessara tveggja nýju nefnda bæti rekstrarhagkvæmni og skilvirkni vísindalegs starfs Matvælaöryggisstofnunarinnar sem endurspeglar þróun á sviði tækni og vísinda á viðkomandi sviðum. Verkefni nýju nefndanna ættu að beinast að sviðum ensíma í matvælum og snertiefna matvæla sem krefst ítarlegri sérfræðipækkingar í samsetningu nefndanna samhliða því að stutt er við skilvirka dreifingu vinnuálags.
- 5) Því er viðeigandi og nauðsynlegt að skipta sérfræðinganefndinni um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu í tvær nýstofnaðar nefndir, annars vegar „nefnd um ensím í matvælum“ og hins vegar „nefnd um snertiefni matvæla“. Mat á hjálparefnum við vinnslu gæti fallið undir ábyrgð beggja nýstofnuðu nefndanna með hliðsjón af eðli hjálparefnanna við vinnslu sem fjallað er um og fyrirhugaða notkun þeirra. Því er ekki nauðsynlegt að heiti nýstofnuðu nefndanna innihaldi vísun til hjálparefna við vinnslu til að tryggja sveigjanleika við að úthluta mati á þeim til þeirrar nefndar sem er mest viðeigandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/908, 20.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2002/178/oj>

- 6) Yfirstandandi skipunartíma sérfræðinganeftirfarinnar um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu lýkur 30. júní 2024. Nýju nefndirnar ættu að hefja störf frá og með 1. júlí 2024. Því ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2024.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 178/2002 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fyrstu undirgrein 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) nefnd um ensím í matvælum,“

- 2) Eftirfarandi k-lið er bætt við:

„k) nefnd um snertiefni matvæla.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gildir frá 1. júlí 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
